

**Sp. 329. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]**

um kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar, að frumvörp, sem fela í sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð, séu ekki lögð fram án þess, að þeim fylgi rækilegar kostnaðaráætlanir.

**Greinargerð.**

Stjórnarfrumvörp eru mjög misjafnlega búin í hendur Alþingi. Sumum fylgir viðunandi greinargerð um þau útgjöld, sem af þeim leiddi, ef að lögum yrðu. Öðrum fylgja mjög lauslegar kostnaðaráætlanir og enn öðrum alls engar. Óþarft er að tina til mörg dæmi um þetta, því að þau blasa við hverjum þingmanni. Þó er skylt að nefna eitt dæmi, og er hér tekið nýlegt stjórnarfrumvarp.

Á þingskjali 305 er frumvarp til laga um Félagsmálaskóla alþýðu (178. mál), lagt fram af félagsmálaráðuneytinu. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður sé nýr skóli, nefndur Félagsmálaskóli alþýðu, og greiðist allur kostnaður við hann úr ríkissjóði, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss (sbr. 7. gr.).

Í greinargerð með frumvarpinu segir orðrétt: „Áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans liggur ekki fyrir nú. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun félagsmálaráðuneytið gera áætlun um kostnað vegna skólans og hlutast til um, að fé verði varið til hans í fjárlögum samkvæmt áætlun ráðuneytisins.“

Hér er ekki lagst efnislega gegn þessu frumvarpi, en það segir sig sjálf, að með vinnubrögðum af þessu tagi gerir hvorki ríkisstjórn né Alþingi sér grein fyrir þeim auknu útgjöldum ríkissjóðs, sem stefnt er að með frumvarpinu. Með því er þó allténd verið að stofna nýjan skóla, reisa skólabyggingu og standa straum af rekstrarkostnaði hans. Má ætla, að alþingismenn telji sig þurfa að fá vitneskju um þann kostnaðarauka, sem þeir eru að leggja á ríkissjóð, ekki síst þar sem mörgum mun þykja ríkisútgjöld þegar komin úr hófi fram.

Því miður er frumvarpið um Félagsmálaskóla alþýðu ekkert einsdæmi, eins og að framan segir, og því full þörf á, að Alþingi gripi í taumana.

Sannast sagna er tillögumanni óljóst, hvort slík frumvarpsgerð sé einungis vitnisburður um slæg vinnubrögð eða virðingarleysi gagnvart Alþingi — nema hvort tveggja sé. Mál er að linni.